



912. fundur stjórnar GSÍ, 27.04.2019 kl.9:00 haldinn í fundarsal Hotel Du Vin.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Kristín Guðmundsdóttir, Eggert Á. Sverrisson, Jón S. Árnason, Jón B. Stefánsson, Hörður Geirsson, Þorgerður K. Gunnarsdóttir, Hansína Þorkelsdóttir, Hörður Geirsson, og Brynjar Eldon Geirsson sem ritaði fundinn.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 911. fundar var samþykkt og undirrituð

2. Stefnumótun GSÍ 2020-27

Fyrstu drög að stefnu GSÍ frá stýrihópi vegna stefnumótununar 2020-27 sem bera á undir aukaping þann 11. maí 2019 í Laugardalshöll voru kynnt stjórn. í framhaldinu fór Haukur Örn ýtarlega yfir skjalið í heild sinni ásamt niðurstöðum úr skoðanakönnunum og sköpuðust góðar umræður um alla málaflokkana 17 talsins.

Formaður stýrihóps Eggert Á. Sverrisson fór í framhaldinu yfir næstu skref vinnunnar og þá tímalínu sem sett hefur verið þannig að hægt sé að bera lokadrög undir Golfþing í lok nóvember. Næstu skref eru heimsóknir og viðræður við forráðamenn golfklúbba landsins um innihald og almennt stefnu og hlutverkaskipti GSÍ næstu 8 ár.

3. Önnur mál

- Fyrirspurn GM tekin fyrir, beiðni um niðurfellingu dráttarvaxta vegna félagagjalds.
- ÍSÍ íþróttaping 2019, 3.-4 maí í Gullhömrum, dagskrá og fulltrúar GSÍ

Ekki voru fleiri mál tekin fyrir og fundi slitið kl.12:15